

Mál nr. 31/2006X

M

og

Vátryggingafélagið C vegna kaskótryggingar A

Tjón vegna grjóthruns af vörubílspalli 7. mars 2005

Gögn.

1. Málskot móttakið 16. febrúar 2006 ásamt fylgigögnum.
2. Bréf C dags. 6. mars 2006.

Málsatvik.

Deilt er um gildissvið kaskótryggingar A. Ökumaður A ók á Austurlandsvegi á leið til Egilsstaða á eftir vörubifreið þar sem pallurinn var opinn í endann. Pallurinn var ekki mikið lestaður en þó voru á pallinum steinar og möl. Grjót af pallinum kastaðist til og frá á pallinum, út af honum, á veginn og yfir A. A skemmdist nokkuð, framrúða skemmdist, kastarar framan á, lakk rispaðist og bifreiðin dældaðist. Ökumaður A náði númeri vörubifreiðarinnar fyrir framan sig. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að reynt hafi verið að hafa samband við ökumann vörubílsins. Tryggingafélag A, sem er kaskótryggð, hafnar bótaskyldu vegna tjóns á bifreiðinni með vísan til skilmála 1.1. og 1.3 varðandi kaskótryggingu ökutækja.

Álit.

Að virtum gögnum málsins er ljóst að yfir A hrundi grjót af bíl fyrir framan. Líklegt er að tjón A ætti að bætast úr ábyrgðartryggingu þeirrar bifreiðar en á það hefur ekki verið látið reyna. Skilmálar kaskótryggingar A þykja ekki koma í veg fyrir að tjón á bifreiðinni bætist úr kaskótryggingunni enda kemur þar fram að tryggingin bæti tjón sem stafar af grjóthruni. Engar takmarkanir eru varðandi uppruna þess grjóthruns í skilmálunum.

Niðurstaða.

Tjón A bætist úr kaskótryggingu A.

Reykjavík, 15. mars 2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.